
FÍFUBORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Nóvember 2013

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR	4
LEIKSKÓLINN FÍFUBORG	4
GREINING	5
FRAMÚRSKARANDI VERKLAG	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Fífuborg sem fram fór í september 2013. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: – að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun og skipulag
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja að, svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í september 2013 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 5.-20. september. Matið byggir á niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun og starfsmannakönnun sem safnað var 1.-30. september og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN FÍFUBORG

Leikskólinn Fífuborg tók til starfa 1993 og er staðsettur við Fífurima 13.

Leikskólastjóri Fífuborgar er Elín Ásgrímsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Ásgerður Guðnadóttir.

Í leikskólanum eru fjórar aldursskiptar deildir. Í Fífuborg eru 81 barn starfsárið 2012-2013. Yngstu börnin eru á Ljósheimum, næst yngsti barnahópurinn er á Álfheimum, næst elsti barnahópurinn er í Hulduheimum og elstu börnin eru í Dvergheimum. Í leikskólanum eru 3 börn sem fá stuðning.

FRAMÚRSKARANDI VERKLAG

Stjórnendur¹ leggja rækt við samskipti við börn, foreldra og starfsfólk. Þar sem stjórnandi er afar sýnileg og þau upplifa hana sem þátttakanda í starfinu.

Vel er staðið að móttöku nýrra starfsmanna, þeim er fylgt vel eftir með leiðbeiningarviðtölum og stjórnendur leggja áherslu á að þau falli ekki niður.

Foreldrar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess og er stöðugt leitað leiða til að auka þátttöku þeirra í starfinu m.a. með því að kanna með formlegum hætti viðhorf foreldra um viðburði og starf leikskólans og þau nýtt til umbóta.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Faglegur metnaður og jákvæður skólabragur einkennir starfið í leikskólanum. Lýðræðisleg vinnubrögð eru viðhöfð í samstarfi starfsfólks. Stjórnendur hafa gert með sér samning um verkaskiptingu sem starfsfólk þekkir. Samskipti starfsfólks og barna eru jákvæð og viðurkennandi. Lögð er áhersla á að allt starfsfólk þekkir öll börn leikskólans. Starfsmannahópurinn vinnur sem ein heild og samvinna á milli deilda er mikil og vel skipulögð. Dagskipulag er sveigjanlegt og einstakir þættir þess eru metnir mánaðarlega með þátttöku barna. Vel er haldið utan um börn sem þurfa sérstakan stuðning og íhlutun fer, að mestu leyti, fram í daglegu starfi og leik. Öll aðstaða í leikskólanum, bæði inni og úti er vel nýtt. Áætlanir um foreldrasamstarf, móttöku nýrra barna og þátttöku foreldra í leikskólastarfinu eru mjög skýrar.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Auka þekkingu og færni starfsfólks á gagnasöfnun og skráningum í daglegu starfi. Gera áætlun um símenntun í tengslum við barnaverndarmál. Farið verði eftir leiðbeiningum um foreldraráð, gefnar út af SFS. Endurskoða þarf og jafna betur hlutdeild foreldra og stjórnenda í foreldraráði. Efla þarf innra mat enn frekar, þ.e. skilgreina viðmið við markmið í skólanámskrá og skilgreina nánar, fjölbreyttar aðferðir við mat. Skoða leiðir til að kynna niðurstöður mats fyrir börnum og foreldrum. Auka möguleika starfsfólks, foreldra og barna til að koma að gerð skólanámskrár. Efla enn frekar ritmál og bernskulæsi og gera það sýnilegra í leikskólanum. Finna fjölbreyttari leiðir til þess að efla samskipti við foreldra með annað tungumál en íslensku.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.